

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 vegna Skagamýrar í landi Stóru-Borgar.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 17. janúar 2013 breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 vegna Skagamýrar í landi Stóru-Borgar, sem samþykkt var í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 7. nóvember 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 20. desember 2012.

Í breytingunni felst að landnotkun á 36,8 ha spildu úr landi Stóru-Borgar verður breytt úr frístundasvæði í blandað íbúðar- og landbúnaðarsvæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 30. gr.-32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 17. janúar 2013.*

**Stefán Thors.**

\_\_\_\_\_  
*Erna Hrönn Geirsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 30. janúar 2013